

**Ed.**

**570. Nefndarálit**

[98. mál]

um frv. til l. um sóknargjöld o. fl.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Minni hl. er samþykkur þeirri meginstefnu frv. að sóknargjöld verði ekki lengur nefskattur án tillits til tekna manna eins og verið hefur, heldur tiltekinn hundradshluti af útsvarsstofni hvers gjaldskylds manns.

Brún þörf er á að fjárhagur safnaða sé efldur, enda er ljóst að víða eiga fámennir söfnuðir í erfiðleikum með að standa undir viðhaldi á kirkjum, og ekki síður upphitun eftir þá gífurlegu hækkun sem orðið hefur á raforkuverði í seinni tíð.

Hins vegar er hæpið að heimila að sóknargjöld geti orðið allt að 0,8% af útsvarskyldum tekjum enda væri það veruleg aukning á heildarskattbyrði fyrir þá sem fyrir því yrðu, og ekki á bætandi eins og lífskjör fólks eru nú.

Einnig er hæpið að stjórnvöld í héraði, í þessu tilviki safnaðarfundir og sóknarnefndir, fái svo mikið svigrúm til álagningar gjalda. Sóknargjald ætti að vera sama prósentan á alla skattgreiðendur óháð búsetu, en að svo miklu leyti sem þarfir safnaðanna eru mismunandi mætti mynda jöfnunarsjóð sem veitti fé til safnaða sem eiga við fjárhagserfiðleika að stríða af einhverjum ástæðum. Til að tryggja sem jafnasta aðstöðu safnaða væri eðlilegt að raforka til upphitunar á kirkjum væri alls staðar seld á lágmarksverði.

Undirritaður leggur til að ákvæði 3. gr. frumvarpsins, sem heimilar tvöföldun sóknargjalda, allt að 0,8%, verði fellt brott og frv. verði samþykkt með eftirfarandi

**BREYTINGU :**

3. gr. orðist svo:

Af innheimtum sóknargjöldum skulu 10% lögð í jöfnunarsjóð. Framlög úr jöfnunarsjóði skulu einkum ætluð sóknarkirkjum þar sem tekjur hrökkva ekki fyrir nauðsynlegum útgjöldum að dómi sóknarnefndar og sóknarprests. Sjóðurinn er í vörslu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins sem ákveður úthlutun úr sjóðnum að fengnum tillögum biskups og prófafa samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Alþingi, 11. mars 1985.

Ragnar Arnalds.